

Fundur í fagráði nautgriparæktar 7. apríl 2022

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 7. apríl 2022 og hófst kl. 16.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Egill Gunnarsson, Sigtryggur Veigar Herbertsson, Þórdís Þórarinsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson og Guðrún Björg Egilsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Ályktanir frá Búgreinapingi
3. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 28. mars 2022, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Ályktanir frá Búgreinapingi

Farið yfir ályktanir frá Búgreinapingi nautgripabænda sem stjórn búgreinadeildar nautgripabænda innan Bí beindi til fagráðs.

Kyngreining á sæði

Búgreinaping búgreinadeildar kúabænda, haldið í Reykjavík 3.-4. mars 2022, beinir því til stjórnar búgreinadeildarinnar að athuga hvert hagræðið yrði af kyngreiningu á sæði og leita leiða til að framkvæma og fjármagna verkefnið.

Greinargerð: Kyngreint sæði hefur löngum verið til umræðu í íslenskri nautgriparækt en hefur enn sem komið er ekki verið í boði fyrir íslenska nautgripabændur. Með tilkomu erfðamengisúrvalsins hefur áhugi á kyngreindu sæði aukist enn frekar og ljóst er að enn meiri hagræðing gæti átt sér stað með tilkomu þess. Danskir bændur hafa stuðst við kyngreiningu á sæðingum um árabíl og er talið að um 15% allra búa landsins notist nú við kyngreiningu sæðis. Á fagþingi nautgriparæktarinnar í Danmörku árið 2019 var m.a. nefnt að með stöðugt vaxandi kröfu um lægra umhverfisspor mjólkur- og nautakjötsframleiðslunnar gæti notkun kyngreinds sæðis á betri kýr og kvígur verið áhugaverður kostur, ásamt því að bæta rekstur kúabúa heilt yfir. Þannig geta bændur valið að fá kvígu til mjólkurframleiðslu frá bestu kúnum og sætt aðrar kýr - sem ekki þarf að nota til áframhaldandi ræktunar - með holdanautasæði sem einnig er kyngreint og gefur þá nautkálfsblendinga sem eru hentugri til kjötframleiðslu, eru hagkvæmari og hafa þannig mun minni áhrif á umhverfið en nautkálfr af mjólkurkúakyni. Óskar búgreinadeild kúabænda eftir því að gerð verði greining á möguleikum kyngreiningar á sæði hérlendis. Athuga þarf hvert hagræðið af kyngreiningu er, hver hugsanlegur kostnaður geti verið og hvaða leiða má leita til að framkvæma- og fjármagna verkefnið.

Ályktunin rædd og tekið undir það sjónarmið að rétt sé að skoða þá möguleika sem í boði eru varðandi kyngreiningu á sæði. Í fyrra var afgreidd umsókn sama efnis um fjármagn úr þróunarsjóði en var hafnað á þeim tíma þar sem ekki var til fjármagn. Ákveðið að beina því til RML að skoða

málið, t.d. með því að leita eftir fjármagni úr þróunarsjóði til úttektar á möguleikum og ávinningi af kyngreiningu sæðis hérelndis.

Skráningarkerfi sæðinga

Búgreinaping búgreinadeildar kúabænda, haldið í Reykjavík 3.-4. mars 2022, leggur til að Fagráð nautgriparæktar vinni að því klára þá vinnu sem samþykkt var á fundi Fagráðsins þann 14. október 2019 um að taka upp rafrænt pöntunar og skráningarkerfi á sæðingum. Lagt er til að gengið verði til samninga við Viking í Danmörku að yfirfæra þeirra rafrænu skráningu yfir á íslensku og tengja það við Huppu.

Greinargerð: *Í nálægum löndum er meirihluti sæðinga pantaður með rafrænum hætti sem dregur mjög úr villuhættu við pantanir og skráningar sæðinga. Þá bíður forrit sem nýtt eru til þessara verka hjá Viking í Danmörku upp á margvíslega þætti sem auka skilvirkni sæðingastarfseminnar verulega. Fyrir liggur að endurskrifa þurfi skýrsluhaldsforritið Huppu og liggur því beinast við að innleiða framangreint kerfi samhliða þeirri vinnu. Mikilvægt er að allir hagaðilar komi að verkefninu.*

Ályktunin rædd og tekið undir þau sjónarmið sem í henni felast. Verið er að uppfæra þróunarumhverfi Huppu en í kjölfar þess verður hægt að bjóða upp á viðmót sem lagar sig að skjástærð. Í kjölfar þeirrar uppfærslu verður hafist handa við frekari þróun Huppu og þetta er eitt þeirra verkefna sem ráðist verður í. Við þróun pöntunar- og skráningarviðmóts er nauðsynlegt að hafa þá aðila sem stýra sæðingastarfseminni með í ráðum. Málinu beint til RML.

Spenastærð

Búgreinaping búgreinadeildar kúabænda, haldið í Reykjavík 3.-4. mars 2022, beinir því til Fagráðs í nautgriparækt að stefna að því að spenar á mjólkurkúm verði hvorki grennri né styttri en orðið er.

Greinargerð: *Á undanförunum árum hafa spenar á íslenskum mjólkurkúm stysts og grennst mikið, og miðað við reynd naut í notkun er þetta áberandi eiginleiki. Svo virðist í umræðu meðal bænda að það sé víða vandamál að mjólka slíka gripa fyrst eftir burð og getur það leitt af sér ýmis vandamál.*

Ályktunin rædd. Guðmundur og Þórdís fóru yfir tillögu að nýrri spenaeinkunn sem er í raun tilbúin. Þar miðast einkunn við kjörgildi hvað varðar lengd, þykkt og staðsetningu og öll frávik fá því koma til lækkunar. Skoðuð nokkur dæmi um breytingar sem veða í kjölfar nýrrar einkunnar og fagráð sammála um að breytingin lýsi og fangi betur þá kosti og galla sem finna má í spenagerð dætrahópa nautanna. Ákveðið að taka nýja spenaeinkunn í notkun við næstu keyrslu kynbótamats og kjörgildi á spenalengd við útreikninga verði 5,5.

Skráning í Huppu

Búgreinaping búgreinadeildar kúabænda, haldið í Reykjavík 3.-4. mars 2022, beinir því til Fagráðs að vinna að einföldun á lista sem notaður er þegar skrá skal í Huppu förgunarástæður á nautgripum. Listinn þarf að endurspeglaræktunarmarkmið og vera einfaldur í notkun. Einnig að skoðað verði að breyta skráningunni þannig að hægt verði að skrá 1-3 förgunarástæður.

Ályktunin rædd og tekið undir þau sjónarmið sem hún túlkar. Ákveðið að beina því til RML að breyta listanum yfir förgunarástæður til einföldunar en jafnframt verði hægt að tilgreina 2-3 förgunarástæður ef þurfa þykir.

Skráningar á spena- og júrgögllum

Búgreinaping búgreinadeildar kúabænda, haldið í Reykjavík 3.-4. mars 2022, beinir því til RML að taka upp skráningarmöguleika á spena- og júrgögllum hjá fyrsta kálfs kvígum í mjaltaathugun í skýrsluhaldsforritinu huppa.is.

Ályktunin rædd og því beint til RML að bæta við möguleika á að haka við júgur- og spenagalla í mjaltaathugun fyrir dætrahópa nautanna. Um verði að ræða að menn verði beðnir að tiltaka ef um er að ræða alvarlega galla sem hafa áhrif á notagildi gripanna, það er alvarlega galla, en ekki þá sem léttvægari má telja.

3. Önnur mál.

Rætt um möguleika á sýnatöku úr eldri kvígum og hvernig merki sé best að nota í það. Niðurstaðan sú að sennilega sé best að bjóða upp á litlar blöðkur eða hnappa sem verði þá þriðja merki í viðkomandi gripum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Þórdís Þórarinsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 28. mars 2022
2. Ályktanir frá Búgreinapingi